

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

67. og lokafundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 7. júní 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Þórhallur J. Svavarsson, varamaður fyrir Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fyrri hluta fundargerðar og Ingibjörg Gunnarsdóttir sem ritar seinni hluta fundargerðarinnar.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast nýir liðir nr. 2.2, 3.3, 8, 9, 10.3, 11.4 og 11.5. Færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 89. fundar hreppsráðs 11/5 2006 í 12 liðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

"Tillaga vegna fundargerðar 89 fundar hreppsráðs, liðar 1.2 og fundargerðar 18. fundar samráðsnefndar sveitarstj. Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Undirritaðir fulltrúar sveitarstjórnar Rangárþings ytra leggja til að öllum tilboðum í smíði skólastofu og tengibyggingar við Laugalandsskóla verði hafnað. Þess í stað verði unnið að endurskipulagningu á núverandi húsnæði Laugalandsskóla í þeim tilgangi að starfssemi Leikskólans á Laugalandi og Laugalandsskóla rúmist í núverandi húsnæði. Innan húsnæðis Laugalandsskóla telst þá hinn svokallaði Miðgarður auk þeirrar skrifstofuaðstöðu sem Rangárþing ytra hefur haft til afnota. Auk þessa, ef raunveruleg þörf er á, er hægt að kaupa tilbúið færanlegt húsnæði fyrir starfssemi skólans.

Greinargerð :

Það er ljóst að sveitarfélagið þarf að leita hagstæðustu leiða hvað varðar rekstur og fjárfestingar. Niðurstöður útbóðs á umræddri tengibyggingu og skólastofu voru yfir kostnaðaráætlun. Að auki er ferill og afgreiðsla umrædds útbóðs innan stjórnar eignaumsjónar algjörlega óviðunandi og úrvinnslan sem slík stenst, að mati undirritaðra, ekki þær kröfur sem gerðar eru í útbóðsskilmálum viðkomandi útbóðs og lögum um framkvæmd útbóða. Undirritaðir telja því rétt og eðlilegt að falla frá umræddu útbóði og leita annarra leiða til lausna í málinu.

Undirritaðir: Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson."

Tillagan felld; 6 atkvæði á móti, 2 með (HH, ÞS), 1 situr hjá (VS).

Bókun 7. júní 2006 vegna fundargerðar 89. fundar hreppsráðs Rangárþings ytra, liður 1.2.

"Undirritaðir fulltrúar minnihluta sveitarstjórnar Rangárþings ytra telja það í hæsta máta óeðlilegt að hreppsráð skuli afgreiða með þessum hætti fundargerð eignaumsjónar og þá sérstaklega þann lið er fjallar um tilboð í smíði kennslustofu og tengibyggingar við Laugalandsskóla. Í ljósi þess hversu mikla fjármuni er um að ræða og ekki síður vegna þess hvernig þessi liður er afgreiddur af stjórn eignaumsjónar þá hefði verið eðlilegra að fjalla um málið af fullskipaðri sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Undirritaðir: Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson."

"Undirritaðir fulltrúar D-lista í sveitarstjórn Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi bókun vegna bókunar Þratar Sigurðssonar og Heimis Hafsteinssonar um afgreiðslu 89. fundar hreppsráðs frá 23. maí 2006 á fundargerð 23. fundar stjórnar Eignaumsjónar frá 10. maí 2006:

Í bókun framangreindra hreppsnefndarfulltrúa er fundið að því að hreppsráð afgreiði þann hluta fundargerðar stjórnar Eignaumsjónar sem fjallar um tilboð í smíði kennslustofa og tengibyggingar við Laugalandsskóla. Fundið er að því að um mikla fjárhagslega hagsmuni sé að ræða og því hafi borið að bera þetta undir fullskipaða sveitarstjórn.

Fulltrúar D-lista benda á, að það var einmitt tekið fram á viðkomandi fundi hreppsráðs að afgreiðsla þess væri háð staðfestingu hreppsnefndar þar sem um mikla fjárhagslega hagsmuni væri að ræða. Með þessu eru ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um störf hreppsráðs og hreppsnefndar virt í hvívetna.

Sigurbjartur Pálsson. Sigrún Ólafsdóttir. Þórhallur Jón Svavarsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson."

Þróstur Sigurðsson og Heimir Hafsteinsson áréttu að ekki er tekið fram í fundargerð 89. fundar hreppsráðs frá 23. maí 2006 að það sé ætlun hreppsráðsins að samþykkt þess um tilboð í smíði kennslustofa og tengibyggingar við Laugalandsskóla sé háð staðfestingu hreppsnefndar.

Fundargerðin samþykkt; 7 atkvæði með, 2 sitja hjá (HH, ÞS).

1.2 Lögð fram fundargerð 90. fundar hreppsráðs 23/5 2006 í 21 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð aukafundar hreppsráðs 27/5 2006 í 1 lið.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 18. fundur 29/5 2006. Lagðar fram fyrirspurnir, dagsettar 22/5 2006, frá Þjótanda ehf., Árna Pálssyni og Guðna R. K. Vilhjálmssyni vegna samninga við verktaka um viðbyggingu við Laugalandsskóla.

Lagt fram álit frá Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl., dagsett 26/5 2006, um stöðu verkkaupa vegna fyrirspurnarinnar.

Lögð fram tillaga að svari til fyrirspyrjenda frá Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl., dagsett 26/5 2006.

Fundargerðin samþykkt; 7 atkvæði með, 2 sitja hjá (ÞS, HH).

2.2 Félagsmálanefnd - 52. fundur 1/6 2006 í 4 liðum.

Lagðar fram tillögur að útfærslu á reglum um stuðning við dagforeldra og á eyðublöðum vegna umsókna um vistun og leyfi.

Lögð fram tillaga um að sveitarstjóra og oddvita verði falið að yfirfara reglurnar og leggja endanlegar tillögur um reglur um stuðning við dagforeldra og eyðublöð um umsóknir fyrir börn í daggæslu í heimahúsum fyrir nýja sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Bókasafnsnefnd bókasafnsins á Laugalandi - fundur 22/5 2006 5 liðum.

3.2 Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. - 16. fundur 22/5 2006.

Lögð fram greinargerð um stöðu og verkefni félagsþjónustunnar frá Mörtu G. Bergmann.

Fjárhagsstaða félagsþjónustunnar í lok apríl kynnt.

3.3 Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 100. fundur 2/6 2006 í 7 liðum.

Sigrún Sveinbjarnardóttir vikur af fundi og eru henni færðar þakkir fyrir fundarritun á kjörtímabilinu.

Ingibjörg Gunnarsdóttir tekur við fundarritun.

4. Ómar Diðriksson - tilboð um umsjón Töðugjalda 2006:

Lagt fram bréf frá Ómari Diðrikssyni, dagsett 21/5 2006, sem varðar tilboð hans um umsjón með Töðugjöldum 2006.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Ómar Diðriksson og að Töðugjöldin verði haldin 12. ágúst 2006.

5. Norræn þrjónanámsstefna - kvöldverðarboð og ferðalag um héraðið:

Lagt fram minnisblað um fund með Margréti E. Jónsdóttur og Pálinu Sigurbergsdóttur um fyrirhugað kvöldverðarboð og rútuferð þátttakenda á Norrænu þrjónanámsstefnunni 26/6-2/7 2006.

Staðfest.

6. Magnús Guðmundsson - umsókn um kostnaðarpáttöku vegna endurbóta á framræsluskurði:

Lagt fram bréf frá Magnúsi Guðmundssyni, dagsett 26/5 '06, þar sem sótt er um þáttöku Rangárþings ytra í kostnaði vegna endurbóta á framræsluskurði sem liggur að landi Uxahryggjar I og er á mörkum Rangárþings ytra og Rangárþings eystra. Áætlaður kostnaður er 186.000.

Samþykkt samhljóða og kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

7. Skipulagsstofnun - lagning jarðstrengs:

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 23/5 2006, með beiðni um umsögn um hvort lagning rafmagnsjarðstrengs á milli Hellu og Hvolsvallar sé að mati sveitarstjórnarinnar háð mati á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra telur að áhrif framkvæmdarinnar verði öll jákvæð og þrátt fyrir ákvæði b liðar 2. viðauka laga nr. 106/2000 telur sveitarstjórnin ekki þörf á umhverfismati.

8. Bárá A. Elíasdóttir og Bjarki S. Jónsson 18/5'06 - krafa um niðurfellingu reiknings:

Lagt fram bréf frá Bárá A. Elíasdóttur og Bjarka S. Jónssyni dagsett 18. maí 2006 með kröfu um niðurfellingu reiknings vegna vinnu frá áhaldahúsi sumarið 2005.

Lögð fram umsögn Ólafs Elvars Júlíussonar, sviðsstjóra umhverfissviðs, dagsett 31/5'06, um kröfu Bárá A. Elíasdóttur og Bjarka S. Jónssonar, dagsetta 18/5'06, um niðurfellingu framangreinds reiknings.



Samþykkt samhljóða að fela Ólafi E. Júlíussyni sviðsstjóra Umhverfissviðs að svara erindinu og bjóða þeim að greiða helming reikningsins gegn því að gangstéttin við innkeyrsluna verði lagfærð til sama horfs og fyrir gerð nýrrar innkeyrslu að Laufskálum 5.

9. Fannberg Fasteignasala ehf. - beiðni um umsögn:

Lögð fram beiðni, dagsett 6. júní 2006 frá Fannberg Fasteignasölu ehf. um umsögn vegna skiptingar á 17,3 ha spildu út úr landi Norður-Nýjabæjar

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.

Heimir Hafsteinsson tekur ekki þátt í umræðu og afgreiðslu málsins.

10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

10.1 Megin Stoð 26/5'06 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 15.000.

10.2 Brunavarnir Suðurnesja 30/5'06 - umsókn um styrk.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.

10.3 Félag lesblindra á Íslandi 2/6'06 - umsókn um styrk.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

11. Annað efni til kynningar:

11.1 Landgræðslan 24/5'06 - auglýsing á landi fyrir skógrækt og bindingu kolefnis.

11.2 Samningur við Rangárvalladeild Geysis um leigu, umsjón og umhirðu beitarhólfa á Gaddstöðum 21/5'06.

11.3 Félagsmálaráðuneytið 24/5'06 - tilkynning um endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu 2006.

11.4 Kaupsamningur um 30 ha spildu úr landi Strandar á milli Rangárþings ytra og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

11.5 Staðfesting á greiðslu væntanlegs styrks til Hekluseturs árin 2007 og 2008 til KB banka.

11.6 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli - tilkynningar um afsöl, kaupsamninga og yfirlýsingar varðandi eignir.

Við er til fundargagna um nánari upplýsingar.

Oddviti þakkaði sveitarstjórn og sveitarstjóra samstarfið á kjörtímabilinu sem er að ljúka.

Fundarmenn þokkuðu oddvita samstarfið á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

Handwritten signatures of the council members, including Ingibjörg Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Pálsson, and others. The signatures are in cursive and cover the bottom half of the page.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

66. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 3. maí 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Þórhallur J. Svavarsson, varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður fyrir Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast nýir liðir nr. 3.4, 13.1 og 13.4 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Ársreikningar 2005 - síðari umræða:

1.1 Ársreikningur Rangárþings ytra.

Samþykktur samhljóða.

1.2 Ársreikningur Menningarmiðstöðvarinnar á Laugalandi.

Samþykktur samhljóða.

1.3 Ársreikningur leiguíbúða á Laugalandi.

Samþykktur samhljóða.

1.4 Ársreikningur Leikskólans á Laugalandi.

Samþykktur samhljóða.

1.5 Ársreikningur Eignasjóðs á Laugalandi.

Samþykktur samhljóða.

Lögð fram fundargerð 17. fundar samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps frá 10. apríl 2006. Samráðsnefndin mælir með samþykkt á ársreikningum sameignarstofnana sveitarfélaganna.

Lagðar fram viðbótarupplýsingar um meðferð fjallskilakostnaðar vegna allra afrétta og greiðslur úr sveitarsjóði vegna áætlaðs kostnaðar við smölun afréttanna fjárlausra og vegna leigu á skálum og réttum til Eignaumsjónar.

Vísað er til fundargerðar 65. fundar frá 4. apríl 2006 varðandi upplýsingar um tölulegar niðurstöður í ársreikningi Rangárþings ytra og til ársreikninganna almennt varðandi upplýsingar um niðurstöður í rekstrar- og efnahagsreikningum.

Bókun vegna samþykktar ársreikninga Rangárþing ytra fyrir 2005.

Á liðandi kjörtímabili hefur hlutfall framkvæmda verið mjög lítið, sem ætti að þýða að ef fjárhagsstjórn sveitarfélagsins hefði verið í góðu lagi á þessu tímabili þá ætti að hafa gengið verulega á skuldir sveitarsjóðs. Sú er þó ekki raunin því þrátt fyrir þetta þá hafa skuldir á tímabilinu hækkad.

Vegna lítilla framkvæmda á kjörtímabilinu verður Rangárþing ytra að fara í ýmsar mjög brýnar og mjög fjárfrekar framkvæmdir á því kjörtímabili sem í hönd fer.

Þar má nefna þær sem stærstar eru svo sem, skóla og leikskólabyggingar á Laugalandi og á Hellu fyrir 200-300milljónir króna, stjórnarsýsluhús fyrir um 150 milljónir, fráveituframkvæmdir fyrir +100milljónir. Á þessari upptalningu sést að það þarf að gera miklu betur í rekstri Rangárþings ytra en verið hefur á þessu kjörtímabili ef ekki á að fara illa varðandi skuldastöðu og framkvæmdagetu.

Samkvæmt rekstrarniðurstöðu þess ársreiknings sem nú er til afgreiðslu er rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs jákvæð um 12,4 milljónir króna þegar tekið er tillit til sölu eigna. Svo lítið rekstrarafgangur dugir skammt til að standa stráum af þeim bráðnaðsynlegu framkvæmdum sem framundan eru.

Það er því þörf á að ná saman kröftum allra sem sitja í komandi sveitarstjórn til að koma skútunni á réttan kjöl. Til þess að svo megi verða þarf að verða hugarfarsbreyting hjá þeim sem nú fara með stjórnartauma, ef þeir verða áfram með meirihluta, en miklu betra væri að kjósendur tækju málin í sínar hendur þann 27. maí n.k og kæmu á nýjum meirihluta til valda með K-listann í stafni.

Viðar Steinarsson.

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókonar Viðars H. Steinarssonar við afgreiðslu ársreiknings Rangárþings ytra fyrir árið 2005, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 3. maí 2006:

Í bókun Viðars er rætt um "litlar" framkvæmdir á kjörtímabilinu. Viðar virðist ekki muna eftir því að við sameiningu var rétt verið að ljúka við framkvæmdir á vegum fyrri sveitarfélaga sem kostuðu hátt í 300 milljónir króna. Eðlilega þarf svolitinn tíma til að komast yfir stærsta hjallann í slíkum fjárfestingum, jafnvel þó til hafi verið nokkrir sjóðir í upphafi viðkomandi framkvæmda, þá dugði það ekki til. Mikill kraftur hefur farið í að ná afkomu sveitarsjóðs upp úr hallarekstri og er rétt að slíkt er nauðsynlegt áður en ráðist er í mjög fjárfrekar framkvæmdir. Þó hafa verið allnokkrar framkvæmdir á kjörtímabilinu og nefna má gatnagerð, uppsetningu skólamötuneytis á Hellu, ýmsar smærri framkvæmdir svo sem byggingu rétta og nú síðast ákvörðun um byggingu við skólahúsnæðið á Laugalandi.

Ekki er talið að framför verði þó fulltrúi K-lista kæmist í meirihluta að loknum sveitarstjórnarkosningum 2006, enda verður ekki annað séð en að Viðar hafi fulla trú á áframhaldandi meirihluta D-lista í bókun sinni.

Sígurbjartur Pálsson. Þórhallur Jón Svavarsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Sigrún Ólafsdóttir. Engilbert Olgeirsson.

Allir ársreikningarnir áritaðir af sveitarstjórn.

2. Fundargerðir hreppsráðs:

2.1 Lögð fram fundargerð 88. fundar hreppsráðs 27/4 2006 í 12 liðum.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (HH. ÞS.).

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

3.1 Stjórn Eignaumsjónar - 22 fundur 10/4 2006 í 4 liðum.

Lögð fram tillaga um að fresta afgreiðslu á lið 2.1 í fundargerðinni og að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur um framtíð húsnæðis Hellubíós. Vinnuhópurinn skipi Guðmundur I. Gunnlaugsson, Heimir Hafsteinsson og Guðfinna Þorvaldsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 8 atkvæðum 1 situr hjá (HH).

3.2 Íþróttá- og æskulýðsnefnd - 33. fundur 27/4 2006 í 3 liðum.

Lögð fram tillaga um sveitarstjóra verði falið að kanna stöðu mála nánar varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir við sparkvöll í Þykkvabæ, sbr. 2. liður fundargerðarinnar og að lögð verði fram áætlun um framkvæmdir fyrir hreppsráð sem fyrst.

Tillagan samþykkt samhljóða og fundargerðin staðfest.

3.3 Atvinnu- og ferðamálanefnd 29. fundur 27/4'06 í 3 liðum.

Lagt er til að sveitarstjóra ásamt formanni atvinnu- og ferðamálanefndar verði falið að kanna grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri Upplýsingamiðstöðvarinnar og leggi fram tillögur þar að lútandi fyrir hreppsráð.

Tillagan samþykkt samhljóða og fundargerðin staðfest.

3.4 Fræðslunefnd - 50. fundur 6/4'06 í 7 liðum.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (ÞS).

4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

4.1 Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 131. fundur 11/4'06 í 3 liðum.

4.2 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 85. fundur 25/4'06 í 6 liðum.

4.3 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands - 257. fundur 6/4'06 í 7 liðum.

4.4 Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2. fundur 28/4'06 í 6 liðum.

5. Heklusetrið ehf. Leirubakka:

Lögð fram tillaga um styrk til Heklusetursins að Leirubakka til uppsetningar á Heklusýningu og fræðasetri og greinagerð með henni.

Lagt er til að Heklusetrinu verði veittur styrkur að upphæð kr. 4.500.000 samtals sem greiðist á þremur árum. Á árinu 2006 greiðast kr. 2.500.000 og kr. 1.000.000 hvort árið 2007 og 2008.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 á móti (HH. VHS. ÞS), 1 situr hjá (GÞ).

Bókun:

Uppbygging Hekluseturs er mjög gott framtak og góðra gjalda vert og eiga rekstraraðilar hrós skilið fyrir verkefnið. Ég hefði viljað sjá verkefnið fara sömu umsóknarleið og krafist er af öðrum fyrirtækjum sem sækja um styrki úr sjóðum sveitarfélagsins. Þá með því að skila inn tekju- og rekstraráætlun, sem hefur tíðkast. Fram kom að það var ekki gert í þessu tilfalli. Ég kys því að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, B-lista.

Bókun:

Vegna afgreiðslu 5. liðar á dagskrá varðar tillögu frá meirihluta sveitarstjórnar um styrkveitingu til Heklusetursins á Leirubakka.

Undirritaðir hafa eftirfarandi við framlagða tillögu að athuga:

- *Tillagan fylgdi ekki fundargögnum.*
- *Ekki fylgdi með umsókn frá styrkþega.*
- *Ekki fylgdi með kostnaðar- og rekstraráætlanir frá styrkþega.*
- *Ekki er upplýst hvaða eignir Heklusetrið ehf. á.*
- *Upphæð styrks kr. 4.500.000 er úr takti við það sem tíðkast hefur við úthlutun styrkja úr Atvinnueflingarsjóði og því varasamt frá jafnræðissjónarmiði.*

Pröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson.

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókana fulltrúa í minnihluta um afgreiðslu á styrkumsókn frá Heklusetrinu að Leirubakka, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 3. maí 2006:

Fulltrúar D-lista benda á eftirfarandi:

Umsóknir frá aðstandendum Heklusetursins að Leirubakka um styrki hafa áður borist til atvinnu- og ferðamálanefndar og einnig til hreppsnefndar. Þó þær fylgi ekki með í fundargögnum á þessum fundi, liggja þær fyrir óafgreiddar og er tillaga meirihlutans miðuð út frá því.

Í umsóknum frá aðstandendum Heklusetursins hafa komið fram upplýsingar um kostnað við verkefnið í heild og sömuleiðis hver áætlaður kostnaður er til þess að unnt verði að opna sumarið 2006.

Sigurbjartur Pálsson. Sigrún Ólafsdóttir. Þórhallur J. Svavarsson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Engilbert Olgeirsson.

6. Landgræðslu- og skógræktarverkefni:

6.1 DC 3 Þristavinafélagið 28/4'06 - tilboð um landgræðsluflug.

Til kynningar.

6.2 Skógræktarfélag Rangæinga 28/4'06 - umsókn um vinnuframlag vinnuskólans 2006.

Tekið er jákvætt í erindið og því vísað til Umhverfissviðs til afgreiðslu.

7. Hreppsnefnd Ásahrepps:

Lagt fram bréf frá Ásahreppi, dagsett 10/4'06 með tillögu um breytta skipan varðandi umsjón með sameiginlegum eignum að Laugalandi.

Lagt er til að erindinu verði vísað til nýrra sveitarstjórna til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

8. Framhaldsskóli í Rangárþingi - áfangaskýrsla um frumathugun:

Lögð fram áfangaskýrsla frá Guðmundi Inga Gunnlaugssyni og Engilbert Olgeirssyni um frumathugun á möguleikum á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu, dagsett 28/4'06.

Lagt er til að Guðmundi Inga og Engilbert verði falið að ræða við fulltrúa Rangárþings eystra um framhalds málsins. Að öðru leyti verði málinu vísað til næstu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Bókun:

Undirritaður fagnar góðri og hraðri vinnu þeirra sem gerðu þessa að frumkönnun. Svona á að vinna hlutina og ég hvet til að fram verði haldið í sama dúr.

Viðar H. Steinarsson.

9. Meðhöndlun úrgangs - möguleg tunnurvæðing:

Lögð fram skýrsla frá Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, sveitarstjóra, um könnun á mögulegri "tunnurvæðingu" á því svæði sem er í "pokahirðu" nú í sorphirðu í Rangárþingi ytra ásamt upplýsingum um jarðgerð og áhöld fyrir hana, dagsett 28/4'06.

Lagt er til Umhverfissviði Rangárþings ytra verði falið að útfæra tillögu um "tunnuvæðingu" í samráði við sveitarstjóra og Gámastöðina ehf.

Samþykkt samhljóða.

Bókun:

Undirritaður fagnar þeirri stefnu sem verið er að taka í sorphirðu og umhverfismálum. Þessi tillaga er í samhljómi með því sem undirritaður hefur talað fyrir innan sveitarstjórnar.

Viðar H. Steinarsson.

10. Ráðstöfun landsspildu í landi Þjóðólfshaga II:

10.1 Landbúnaðarráðuneytið 26/4'06 - tilkynning um gerð leigusamnings um spildu úr landi Þjóðólfshaga II í Holtum.

Til kynningar.

10.2 Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Gísli Sveinsson 26/4'06 - umsókn um jákvæð tilmæli til landbúnaðarráðuneytisins varðandi hugsanleg kaup þeirra á spildunni sem þeim hefur verið leigð skv. lið 10.1.

Hreppsnefnd fagnar áhuga umsækjenda á endurbyggingu á hellum í landi Þjóðólfshaga II en getur ekki mælt með sölu á umræddri spildu á þeim nóttum sem farið er fram á, þ.e. til eins fyrirframákveðins aðila án undangenginna auglýsinga á því að til standi að selja landið.

Samþykkt samhljóða.

11. Fannberg fasteignasala ehf.:

Lagt fram bréf frá Fannberg fasteignasölu ehf, dagsett 26/4'06, með beiðni um umsögn vegna skiptingar lands úr jörðinni Nefsholti.

Engilbert tekur ekki þátt í umræðu og afgreiðslu erindisins og vikur af fundi.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við skiptingar umræddrar spildu úr jörðinni Nefsholti.

Engilbert tekur sæti sitt að nýju.

12. Karl Lucas og Rósa L. Thorarensen - umsókn um kaup á lóðum:

Lagt fram bréf frá Karli Lucas og Rósu L. Thorarensen, móttekið 26/4'06, með beiðni um kaup á lóðunum nr. 10 og 11 í Merkihvolslandi.

Lagt er til að erindinu verði vísað til Eignaumsjónar til meðferðar. Farið er fram á að sérstaklega verði kannað réttmæti þess sem fram kemur í erindinu um bið umsækjenda eftir niðurstöðu varðandi lóðamál sín og tafir við fyrirhuguð kaup þerra á lóðunum.

Samþykkt samhljóða.

13. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

13.1 FBSH 2/5 - boð til hreppsnefndar um kvöldverð og fund 11/5'06.

Hreppsnefndin samþykkir samhljóða að þiggja boð FBSH og jafnframt að ef einstakir hreppsnefndarfulltrúar geti ekki mætt láti þeir vita.

13.2 Landskerfi bókasafna 24/4'06 - aðalfundarboð 19/5'06.

Til kynningar.

13.3 Jón Eggert Guðmundsson 27/4'06 - umsókn um styrk vegna "strandvegagöngu 2006".

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

13.3 Söfnun til Ólafs Sigurgrímssonar og fjölskyldu vegna veikinda.

Lagt er til að veita styrk að upphæð kr. 100.000.

Samþykkt samhljóða.

14. Annað efni til kynningar:

Ekkert liggur fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

65. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 4. apríl 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þróstur Sigurðsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður fyrir Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Einnig sitja Auðunn Guðjónsson frá KPMG og Ólafur E. Júlíusson, skipulags- og byggingafulltrúi, hluta fundarins.

Heimir Hafsteinsson tilkynnti forföll. Skrifstofa Rangárþings ytra hafði samband við varamenn fyrir hann, en þeir sáu sér ekki fært að mæta á fundinn.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá, nýr liður 12.3 bætist við og aðrir liðir færast niður sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Ársreikningar 2005 - fyrri umræða:

Lagður fram ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2005 ásamt sundurliðun.

Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun hf. fór yfir og skýrði ársreikninginn.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi samstæðu sveitarfélagsins:

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur:	kr.	740.276.971
Rekstrargjöld:	kr.	(639.727.073)
Fjármagnsgjöld:	kr.	(37.411.016)
Rekstrarniðurstaða:	kr.	63.137.092

Efnahagsreikningur:

Eignir:

Fastafjármunir:	kr.	820.221.766
Áhættufjármunir og langtímakröfur:	kr.	109.154.922
Veltufjármunir:	kr.	184.634.890
Eignir samtals:	kr.	1.114.011.578

Skuldir og eigið fé:

Eiginfjárreikningur:	kr.	478.219.717
Lífeyrisskuldbindingar:	kr.	14.795.589
Langtímaskuldir:	kr.	521.446.934
Skammtímaskuldir:	kr.	99.549.338
Eigið fé og skuldir samtals:	kr.	1.114.011.578

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi Rangárþings ytra til síðari umræðu.

Einnig eru lagðir fram ársreikningar fyrir Menningarmiðstöðina Laugalandi, Leiguíbúðir Laugalandi, Leikskólann Laugalandi og Eignasjóð Laugalands fyrir árið 2005.

Lagt er til að ársreikningunum verði vísað til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps til skoðunar og síðan til síðari umræðu í hreppsnefnd Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir hreppsráðs:

Engar fundargerðir liggja fyrir.

Ólafur E. Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi mætir á fundinn.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

3.1 Skipulags- og bygginganefnd - 40 fundur 27/3 2006 í liðunum 034-2006 til 064-2006.

Ólafur skýrði og sýndi uppdrætti sem fylgja skipulagstillögum sem afgreiddar eru og fjallað er um í fundargerðinni.

Lið 035-2006 frestað.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

3.2 Félagsmálanefnd 50. fundur - 22/3 2006 í 4 liðum.

Samhliða lagðar fram tillögur um aukinn stuðning við dagforeldra sem unnar voru af félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

Félagsmálanefnd falið að útfæra tillögur um aukinn stuðning við dagforeldra í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða.

3.3 Starfshópur um skólareit og staðsetningu leikskóla - fundur 27/3 2006 í 1 lið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Undirritaðir hafna þeirri hugmynd að kannað verði með hugsanleg kaup á húsnæði Kökuvals fyrir starfsemi leikskólans á Hellu.

Engilbert Olgeirsson, Viðar H. Steinarsson.

Lögð fram tillaga um að hreppsnefnd beini þeim tilmælum til starfshóps um skólareit og staðsetningu leikskóla á Hellu að hún hraði umfjöllun sinni um staðsetningu leikskólans og miði við staðsetningu á eða við skólareitinn og skili niðurstöðu sinni eigi síðar en í byrjun maí.

Guðfinna leggur fram eftirfarandi bókun:

Guðfinna tekur undir að hraðað verði umfjöllun um staðsetningu leikskólans en telur að ekki eigi að binda þá umfjöllun við skólareitinn.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum 1 situr hjá (GP).

3.4 Green Globe 21 - stofnfundur 23/3 2006 4 liðum.

Lögð fram fundargerð frá stofnfundi byggðasamlags um Green Globe 21.

Jafnframt lögð fram drög að Stofnsamningi og drög að samþykktum fyrir byggðasamlagið Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum bs.

Samþykkt samhljóða.

3.5 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 16. fundur 28/3 2006 í 7 liðum.

Bókun vegna 4. liðar í fundargerð samráðsnefndarinnar, erindis Sigrúnar Ingólfsdóttur: *Undirritaður lýsir yfir vanþóknun á framkomu skólastjóra Laugalandsskóla í garð Sigrúnar Ingólfsdóttur. Það er óviðunandi að þeir sem fara með mannaforráð á vegum sveitarfélagsins komi fram við undirmenn sína á þann hátt sem fram kemur í erindi Sigrúnar og einnig í svari skólastjórans. Eðlilegt er að skólastjóri Laugalandsskóla biðji Sigrúnu afsökunar á framkomu sinni og ætti að taka ákvarðanir um röðun starfsfólks í launaflokka samkvæmt niðurstöðu starfsmats.*

Viðar H. Steinarsson.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum, 1 situr hjá (GP).

3.6 Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 48. fundur 23/3 2006 í 6 liðum.

Lögð fram skilagrein til samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps varðandi auglýsingu og umsóknir um starf leikskólastjóra leikskólans að Laugalandi.

Samþykkt samhljóða.

3.7 Stjórn Atvinnu- og ferðamálaverkefnis - 10. fundur 13/3 2006 í 3 liðum.

Lögð fram drög að starfslýsingu fyrir mögulegan forstöðumann markaðsmála í Rangárþingi og Mýrdal.

Lagt er til að fundargerðin verði samþykkt að öðru leyti en heimild til ráðningar á forstöðumanni markaðsmála er hafnað að sinni, eða fram yfir væntanlegar sveitarstjórnarkosningar, 27. maí 2006.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 2 sitja hjá (IPG, GP).

4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

4.1 Stjórn Skólaskrifstofu Suðurlands - 85. fundur 22/3'06 í 7 liðum.

5. Liður nr. 2 í fundargerð stjórnar Eignaumsjónar 7/3 2006:

Lagður fram 2. liður fundargerðar stjórnar Eignaumsjónar 7/3'06 og fylgigögn sem frestað var á 64. fundi hreppsnefndar 28/3 2006.

Lagt fram bréf frá Bjarna J. Matthíassyni, starfsmanni Eignaumsjónar, dagsett 27/3 2006 varðandi útboð og framkvæmd á byggingu kennslustofa og tengigangs við Laugalandsskóla.

Lagt er fram bréf frá Auðunni Guðjónssyni frá KPMG, dagsett 30/3 2006 þar sem fram koma töflur sem sýni útreiknaðan heildarkostnað við leigu húsnæðis sem byggt yrði í einkaframkvæmd annars vegar og kostnað við sömu framkvæmd fjármagnaðri með lánsfé.

Guðfinna gerir athugasemd við að framangreindar töflur yfir kostnaðinn hafi ekki borist fyrr en á fundinum.

Tillaga undirritaðra fulltrúa í hreppsnefnd Rangárþings ytra um afgreiðslu á 2. lið í 21. fundargerð stjórnar Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps frá 7. mars 2006, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 4. apríl 2006:

1. *Farin verði sú leið varðandi fjármögnun og eignarhald við framkvæmdir við stækkun á húsnaði Laugalandsskóla, að sveitarfélögin fjármagni þær sjálf og að Eignaumsjón sjái um útboð og framkvæmdir að öllu leyti.*
2. *Samið verði við Kerhól ehf. um kaup á fyrirliggjandi hönnun og útboðsgögnum ásamt greiðslu fyrir umsjón með gerð þeirra.*
3. *Hreppsnefnd Ásahrepps verði gerð grein fyrir þessari niðurstöðu og leitað samstöðu um framangreinda leið.*
4. *Stjórn Eignaumsjónar verði falið að hefja útboð framkvæmdarinnar eins fljótt og unnt er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps hefur fallist á framangreinda leið.*

Greinargerð:

Við nánari skoðun á fyrirliggjandi gögnum og skoðun á framlögðum tölum og skýringum sem fyrir liggja frá KPMG Endurskoðun hf., hefur komið í ljós að munur á svonefndri einkaframkvæmd og eigin fjármögnun sveitarfélaganna er ekki verulegur miðað við 40 ára afskriftartíma á stofnkostnaði fyrirhugaðrar byggingar. Þetta breytist einkaframkvæmd í óhag eftir því sem afskriftartími er lengdur. Að auki hefur komið fram, að fyrir Alþingi liggur frumvarp sem gengur út á það, að heimild til þess að fella niður virðisaukaskatt á leigu vegna einkaframkvæmdar eftir 10 ár breytist og lengist í að niðurfelling verði fyrst heimil eftir 20 ár. Þetta breytir fyrirliggjandi samanburði einkaframkvæmdinni í óhag. Við skoðun á þessum forsendum og fyrirliggjandi drögum að leigusamningi við Kerhól ehf. hefur skýrst að kostir einkaframkvæmdar á þessu verkefni eru ekki ótvíræðir miðað við þau gögn sem fyrir liggja og því talið rétt að fara aðra leið að þessu sinni. Sigurbjartur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson.

Viðar H. Steinarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

Bókun vegna 5. liðar varðar ákvörðun um leið til fjármögnunar framkvæmda á Laugalandi. Undirritaður lýsir yfir ánægju með að tekist hefur góð samstaða í sveitarstjórn um að sveitarfélagið standi sjálft fyrir byggingu skólahúsnaðis á Laugalandi. Þær tafir sem hafa orðið á afgreiðslu málsins eru vegna ónógra upplýsinga um samanburð á þeim kostum sem í boði voru um fjármögnun. Á þennan fund barst samanburður frá KPMG endurskoðun á valkostum og á þeim grunni var ákvörðun tekin á þann veg sem ljóst er. Viðar H. Steinarsson.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 1 situr hjá (EO).

6. Margrét Bjarnadóttir og Iða Brá Árnadóttir - áhugahópur um mótörhjólaspport:

Lagt fram bréf frá áhugahópi um svæði fyrir mótörhjólaspport, dagsett 24/3 2006, þar sem óskað er eftir því að áhugafólki um mótörhjóla verði úthlutað svæði undir íþrótt sína. Meðfylgjandi er undirskriftalisti áhugahóps um svæði fyrir mótörhjólaspport.

Lagt er til að erindinu verði vísað til íþrótt- og æskulýðsnefndar til umsagnar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

7. Vegagerðin - umsókn um framkvæmdarleyfi:

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni, dagsett 27/3 2006, með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir færslu á Þykkvabæjarvegi austan Þykkvabæjar. Einnig er sótt um leyfi til efnistöku úr sandnámu í Þykkvabæ, allt að 10.000 m³.

Samþykkt samhljóða.

8. Árhús ehf. - umsókn um gerð lóðarleigusamnings:

Lagt fram bréf frá Garðari Sigurðssyni, f.h. Árhúsa ehf., dagsett 22/3 2006, þar sem sótt er um gerð lóðarleigusamnings.

Pröstur tekur ekki þátt í umræðum né afgreiðslu erindisins.

Frestað.

9. Skipulagshópur Hekluskóga - um fornleifaskráningu:

Lagt fram bréf frá skipulagshópi Hekluskóga, móttakið 29/3 2006 þar sem óskað er eftir að breytt verði röðun verkáfanga varðandi aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Skráningu á svæði sem fyrirhugaðir Hekluskógar verði á færast frammar í tíma.

Lagt er til að erindinu verði vísað til Umhverfissviðs til umsagnar og tillögugerðar eftir viðræður við skipulagshóp Hekluskóga og Fornleifastofnun Íslands.

Samþykkt samhljóða.

10. Umhverfisráðuneytið - um dag umhverfisins:

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneytinu, dagsett 22/3 2006, þar sem minnt er á að dagur umhverfisins 25. apríl nk. verði tileinkaður endurnýtingu.

Lagt er til að erindinu verði vísað til umhverfisnefndar til til umsagnar og tillögugerðar.

Samþykkt samhljóða.

11. Samgöngunefnd Alþingis - þingsályktun um uppbyggingu héraðsvega:

Lagt fram bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dagsett 27/3 2006, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega.

Hreppsnefnd tekur undir efni þingsályktunartillögunnar.

12. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

12.1 Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf. 27/3 2006 - aðalfundur 7/4 2006.

Lagt er til að Sigurbjartur Pálsson sitji fundinn með umboð vegna eignarhlutar Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

12.2 Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Geysis 29/3 2006 - sameiginlegur fundur með sveitarstjórnnum 26/4 2006.

Hreppsnefnd samþykkir að benda reiðveganefndinni á, að aukaaðalfundur SASS verður haldinn þennan sama dag og því þyrfti e.t.v. að færa fundartímann til.

12.3 Skógræktarfélag Rangæinga 3/5 2006 - aðalfundur 7/4 2006.

Til kynningar.

13. Annað efni til kynningar:

13.1 HSK 23/3 2006 - þakkir, tilmæli og ákvörðun um umsókn um unglíngalandsmót UMFÍ 2008.

13.2 Félagsmálaráðuneytið/Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 22/3 2006 - uppgjör framlaga 2005 og áætlun 2006.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

64. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 28. mars 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður fyrir Lúðvik Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Einnig situr Bjarni J. Matthíasson, starfsmaður Eignaumsjónar hluta fundarinn.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 85. fundar hreppsráðs 9/3 2006 í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

1.2 Lögð fram fundargerð 86. fundar hreppsráðs 23/3'06 í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Bjarni J. Matthíasson, starfsmaður Eignaumsjónar mætir á fundinn.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Stjórn Eignaumsjónar - 21. fundur 7/3'06 í 5 liðum.

Lögð fram tillaga um frestun afgreiðslu á 2. lið fundargerðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

Bjarni Jón Matthíasson yfirgefur fundinn.

2.2 Stjórn Fiskeldisstöðvarinnar Fellsmúla ehf. - fundur 27/2'06 í 2 liðum.

Með fundargerðinni fylgja ársreikningar Fiskeldisstöðvarinnar fyrir árin 2004 og 2005.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (ÞS. HH.).


2.3 Stjórn Atvinnu- og ferðamálaverkefnis - 10. fundur 13/3'06 í 3 liðum.

Frestað.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Vinnuhópur um endurskoðun SASS og samstarfsstofnana - 5. fundur 3/3'06 í 1 lið og 6. fundur 21/3'06 í 2 liðum.

3.2 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 732. fundur 24/2'06 í 20 liðum.



4. Suðurlandsvegur 1 á Hellu - kaup og ráðstöfun:

Sveitarstjóri greindi frá stöðu mála og lagði fram tillögu að samkomulagi milli Rangárþings ytra og Kaupáss hf. um kaup á húseigninni Suðurlandsvegi 1, Hellu.

Gengið er út frá því að Kaupás hf. nýti forkaupsrétt vegna tilboðs í húseignina Suðurlandsveg 1 á Hellu og selji hana til Rangárþings ytra. Gerður verði leigusamningur um verslunarrými fyrir Kaupás hf. á milli fyrirtækisins og Rangárþings ytra sem verði til 10 ára með uppsagnar- og endurskoðunarrétti að fimm árum liðnum að hálfu aðila.

Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (HH. VHS.).

Bókun:

Bókun við lið nr. 4 í dagskrá fundarins. Varðar samning við Kaupás hf. um nýtingu forkaupsréttar á húseigninni Suðurlandsvegi 1 á Hellu og leigusamning milli Rangárþings ytra og Kaupáss hf. um leigu á verslunar- og geymslurými til allt að tíu ára, sem er óskilgreint að stærð. Undirritaður situr hjá við afgreiðslu málsins vegna þvingandi og fordæmisgefandi ákvæða í samningnum, sem eru vegna forkaupsréttar Kaupáss hf. á húseigninni Suðurlandsvegi 1 og varða skilyrði um langan leigutíma og lágar leigugreiðslur ásamt forleigu og forkaupsrétti. Undirritaður er hinsvegar samþykktur kaupum á húseigninni sem slíkri undir stjórnslu sveitarfélagsins og ákvæðum um að hér komi lágvörðuverðsverslun.

Viðar H. Steinarsson.

Bókun:

Undirritaður vill gera grein fyrir því hversvegna hann situr hjá við afgreiðslu þessa máls. Ég fagna því að sjálfsögðu ef þessi samningur leiðir af sér lægra vörðuverð verslunar í okkar ágæta sveitarfélagi. Það er hinsvegar tilurð og innihald samningsins ásamt verulegum kostnaði fyrir sveitarsjóðs sem veldur því að ég sit hjá við afgreiðslu málsins.

Heimir Hafsteinsson.

5. Fjöldi og staðsetning kjördeilda í sveitarstjórnarkosningum 2006 og skipan kjörstjórnar:

Lögð fram tillaga um að ein kjördeild verði í Rangárþingi ytra og verði hún staðsett í grunnskólanum á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að Einar Hafsteinsson, Háabæ, verði aðalmaður í yfirkjörstjórn í stað Óla Á. Ólafssonar, sem er fluttur úr sveitarfélaginu og einnig tillaga um að Bogi Thorarensen verði varamaður í stað Skúla Jónssonar, sem lést á síðasta ári.

Samþykkt samhljóða.

6. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili - hækkun yfirdráttarheimildar og fleira:

Lagt fram bréf frá Lundi, hjúkrunar- og dvalarheimili, dagsett 7/3'06, þar sem sótt er um ábyrgð sveitarfélagsins vegna hækkunar á yfirdráttarheimild Lundar í KB banka á Hellu í 30 milljón krónur.

Samþykkt samhljóða.

Ákveðið að beina þeim tilmælum til stjórnar Lundar, að hún ásamt sveitarstjóra Rangárþings ytra fari til fundar við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til viðræðna um mögulega stækkun á hjúkrunarrými heimilisins og úrbætur í rekstrarstöðu þess.

7. Rangárbakkar - Hestamiðstöð Suðurlands ehf. - um mögulega byggingu á reiðhöll:
Lagt fram bréf frá Rangárbökkum - Hestamiðstöð ehf., dagsett 7/3'06, þar sem kynnt eru áform varðandi mögulega byggingu reiðhallar á Gaddstaðaflötum.

Tekið er jákvætt í efni erindisins og því vísað til Héraðsnefndar til meðferðar.

8. Heklusetrið Leirubakka:

8.1 Lagt fram bréf frá Anders Hansen, dagsett 2/3'06 með upplýsingum um Jöklasýninguna á Höfn.

Til kynningar.

9.2 Lagt fram bréf frá Anders Hansen, dagsett 20/3'06, um mögulegt samstarf varðandi heimsóknir grunnskólabarna í Heklusetrið.

Erindinu er vísað til skólastjóra grunnskóla Rangárpings ytra til meðferðar.

9. Skúli Lýðsson, Keldum - varnir gegn landbroti á mörkum Reynifells og Keldna:
Lagt fram bréf frá Skúla Lýðssyni, dagsett 23/3'06, með umsókn um heimild til varna gegn landbroti á mörkum Keldna og Reynifells.

Heimild til aðgerða í samráði við sviðsstjóra Umhverfissviðs samþykkt samhljóða.

10. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

10.1 Ráðstefna um rannsóknir á málefnum innflytjenda á Íslandi 31/3'06.

Til kynningar.

10.2 Ráðstefna um árangursstjórnun í heilbrigðis- og félagsþjónustu 7/4'06.

Til kynningar.

10.3 SASS 21/3'06 - aukaáðalfundur 26/4'06 - fulltrúar og aðrir fundarmenn.

Til kynningar.

11. Annað efni til kynningar:

11.1 Rangárpíng eystra 20/3'06 - um athugun á mögulegum framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.

11.2 Rangárpíng eystra 20/3'06 - um samþykkt á tillögu að fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu.

11.3 Varasjóður húsnæðismála 20/3'06 - úthlutun rekstrarframlaga vegna félagslegra íbúða 2005.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigrún Sveinbjarnardóttir

Sigrún Sveinbjarnardóttir

Sigrún Sveinbjarnardóttir

Sigrún Sveinbjarnardóttir

Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir
Sigrún Sveinbjarnardóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

Aukafundur í hreppsnefnd Rangárþings ytra, haldinn að Laufskálum 2 á Hellu, sunnudaginn 19. mars 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Halldóra Gunnarsdóttir, varamaður fyrir Þröst Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Þórhallur J. Svavarsson, varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varamaður fyrir Lúðvík Bergmann, Heiðrún Ólafsdóttir, varamaður fyrir Engilbert Olgeirsson og Sigrún Ólafsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Oddviti lýsti eftir því hvort hreppsnefndarfulltrúar hefðu athugasemdir við fundarboð eða annan aðdraganda að fundinum. Engar athugasemdir komu fram.

1. Möguleg kaup á húseigninni Suðurlandsvegi 1 á Hellu:

Lögð fram tillaga frá fulltrúm D-lista um að gengið verði til samninga við Kaupás hf., kt. 711298-2239, um að fyrirtækið nýti forkaupsrétt að húseigninni Suðurlandsvegi 1 á Hellu og selji eignina síðan til Rangárþings ytra. Jafnframt að gerður verði samningur á milli Kaupáss hf. og Rangárþings ytra um áframhaldandi leigu fyrirtækisins á verslunarrými í húsinu með tilgreindum skilmálum sem samið verður um.

Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að stjórnarsýsla sveitarfélagsins flytji á efri hæð Suðurlandsvegur 1 og í mögulegt miðrymi á milli Suðurlandsvegur 1 og 3. Haldið verði áfram samkomulagsumleitunum við Verkalýðshúsið um sameiginlega byggingu miðrymis á milli Suðurlandsvegur 1 og 3.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH., VHS. og HG.).

Bókun frá Viðari H. Steinarssyni:

“Undirritaður situr hjá við afgreiðslu framlagðrar tillögu um kaup á fasteigninni Suðurlandsvegi 1 ásamt hugmynd að samningi við Kaupás hf. um leigu á hluta húsnæðisins til allt að tíu ára. Of margir lausir endar eru á máli þessu til þess að undirritaður treysti sér til þess að samþykkja það. Þau atriði sem þar eru helst varða mikla eftirgjöf á leigugjaldi til allt að fimm ára sem má reikna sem styrk frá sveitarfélaginu upp á a.m.k. 10 – 15 milljónir króna á samningstímabilinu án þess að fyrir liggi næg trygging um að Kaupás standi við sinn þátt. Í annan stað liggur ekki fyrir niðurstaða um samkomulag við “Verkalýðshúsið” um byggingu tengibyggingar. Þá er mjög bagalegt að sveitarstjórn skuli vera stillt upp við vegg með þeim hætti að haldinn er skyndifundur á sunnudegi og sveitarstjórn ekki gefinn frestur til að taka yfirvegaða ákvörðun á grunni betri yfirsýnar á öll atriði málsins.”

Viðar H. Steinarsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson ritar fundargerðina.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

63. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 1. mars 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Þórhallur J. Svavarsson, varamaður fyrir Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð. Heiðrún Ólafsdóttir situr seinni hluta fundarins sem varamaður fyrir Engilbert Olgeirsson. Einnig situr Ólafur Elvar Júlíusson, sviðsstjóri Umhverfissviðs hluta fundarinn.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; nýr 14. liður bætist við og færist aðrir liðir aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 84. fundar hreppsráðs 23/2 2006 í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Skipulags- og bygginganefnd - 39. fundur 27/2'06 í liðunum 018-2006 til 034-2006.

Samþykkt samhljóða.

2.2 Samráðsnefnd Holtamannafréttar - 13. fundur 8/2'06 í 5 liðum.

Frestað.

2.3 Fagráð yfir félagsmiðstöð - 4. fundur 22/2'06 í 2 liðum.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

Engar fundargerðir hafa borist.

4. Tillaga um athugun á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu:

Lögð fram tillaga frá fulltrúum D-lista um að vinnuhópur hefji könnun á möguleikum varðandi stofnun framhaldsskóla til stúdentsprófs og rekstur starfsnámsbrauta í Rangárvallasýslu. Lagt er til að í vinnuhópnum eigi sæti sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar.

Bókun:

Bókun vegna tillögu um athugun á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.

Undirritaðir fagna því mjög að meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra skuli taka undir hugmyndir um stofnun framhalds- eða fjölbrautaskóla í Rangárvallasýslu. Þessar hugmyndir ásamt reyndar mörgum öðrum voru reifaðar fyrst á mjög góðum fundi sem Samfylkingin hélt í Árhúsum á Hellu hinn 23. nóvember sl.

Hugmyndinni hefur síðan verið haldið vakandi í stefnumótunavinnu hjá Oddaverjum sem liður í framtíðarsýn hér í Rangárfingi.

M.t.t. til þess tímaramma sem hér er settur lítum við svo á að hér sé um algjöra grunnathugun að ræða en engu að síður byrjun á ferli sem gæti skapað mikla möguleika á svæðinu.

Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, Viðar H. Steinarsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um könnun á kostnaði við kaup á sorptunnum og breytingu á sorphirðu:

Lögð fram tillaga um að sveitarstjóra ferði falið að kanna kostnað við kaup á 240 l plasttunnum undir heimilisúrgang fyrir öll heimili sem úrgangur er hirtur frá. Samhliða verði kannað hvað mikið gæti sparast við að fækka losunum úr vikulegri losun, þar sem það er gert, í losun á tveggja vika fresti og um möguleika á jarðgerð lífræns heimilisúrgangs og afslátt af sorpgjöldum til heimila sem tækju slíkt upp.

Samþykkt samhljóða.

Ólafur E. Júlíusson, sviðsstjóri Umhverfissviðs mætir á fundinn.

6. Tillaga að reglum um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts af tilteknum eignum:

Lögð fram tillaga að reglum um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts af eignum sem notaðar eru fyrir viðurkennda menningar- og tólmundastarfsemi og til greiðslu fasteignaskatts af eignum á lögbýlum sem sannanlega eru ekki í notkun við landbúnað tímabundið.

Lögð fram breytingatillaga:

Breytingatillaga vegna tillögu sveitarstjóra Rangárfings ytra um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts.

Undirritaðir leggja til að horfið verið frá því að styrkja lögaðila/rekstraraðila til greiðslu fasteignaskatts af eignum á lögbýlum sem sannanlega eru ekki í notkun við landbúnað tímabundið.

Undirritaðir telja óeðlilegt að leggja til styrk til lögaðila með þessum hætti. Slíkt gæti skapað varasamt fordæmi.

Undirritaðir : Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Viðar H. Steinarsson.

Breytingatillagan samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (EO).

Tillaga að reglum um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

7. Umhverfissvið Rangárfings ytra:

7.1 Lögð fram minnisblöð frá vinnuhópi um launamál o.fl. vegna tillagna frá Umhverfissviði um störf og kjör.

Til kynningar.

7.2 Lögð fram tillaga frá forstöðumanni Umhverfissviðs um skipulagsmál sviðsins, skiptingu starfa, kröfur og kjör.

Sviðsstjóri Umhverfissviðs skýrir tillögurnar.

Tillögur að breyttu skipulagi Umhverfissviðs samþykktar samhljóða.

Taka þarf upp viðræður við hreppsnefnd Ásahrepps um breytingar á samskiptum og fyrirkomulagi í sameiginlegri Eignaumsjón vegna samþykktar á breyttu skipulagi Umhverfissviðsins.

7.3 Lögð fram tillaga um endurbætur í Þjónustumiðstöð að Þrúðvangi 36a vegna skipulagsbreytinga Umhverfissviðs.

Samþykkt samhljóða og áætluðum kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

7.4 Lögð fram tillaga um endurnýjun á traktorsgröfu hjá Þjónustumiðstöð.

Samþykkt samhljóða og áætluðum kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

Engilbert vikur af fundi og í staðinn kemur Heiðrún Ólafsdóttir.

8. Áætlun um kostnað vegna launabreytinga:

Lögð fram áætlun um kostnað vegna launabreytinga frá og með 1. janúar 2006 skv. heimild Launanefndar sveitarfélaga og samþykktar hreppsnefndar Rangárþings ytra frá 1. febrúar 2006.

Til kynningar.

9. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi 2002-2014:

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi 2002-2014 vegna hringtorga, legu Hringveggar, nýrra athafna- og iðnaðarsvæða og breytinga á íbúðasvæðum.

Samþykkt samhljóða að veita skipulags- og byggingarfulltrúa heimild til að auglýsa tillöguna.

10. Tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt hesthúsahverfi:

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt hesthúsahverfi á Hellu í landi Gaddstaða sunnan Hringveggar.

Samþykkt samhljóða að veita skipulags- og byggingarfulltrúa heimild til að auglýsa tillöguna.

11. Frumtillögur um skipulag skóla- og íþróttasvæðisreits á Hellu.

Lagðar fram frumtillögur um skipulag skóla- og íþróttasvæðisreits á Hellu. Tillögurnar verða sýndar og kynntar á fyrirhuguðum kynningarfundum um skipulagsmál í "Kringlu" Grunnskólans á Hellu, laugardaginn 4. mars n.k.

Til kynningar.

12. Smíðandi ehf. - tillögur /hugmyndir um byggingu húss á lóðinni Suðurlandsvegur 5:

Lagðar fram tillögur/hugmyndir um byggingu húss á lóðinni Suðurlandsvegur 5 á Hellu sem hugsanlega gæti rúmað stjórnarsýslu Rangárþings ytra ásamt öðrum einingum.

Lagt er til að vinnuhópi um húsnæði fyrir stjórnarsýslu og fleira verði falið að halda áfram að skoða nánar möguleika um kaup eða leigu á húsnæði fyrir stjórnarsýsluna.

Samþykkt samhljóða.

13. Iðnaðarnefnd Alþingis - stefnumótandi byggðaáætlun:

Lagt fram bréf frá iðnaðarnefnd Alþingis, dagsett 17/2'06, með beiðni um umsögn um tillögu til þingsáætlunar um stefnumótandi byggðaáætlun.

Hreppsnefnd ítrekar áður gerða umsögn um byggðaáætlun frá fyrra ári.

14. Kostnaðaráætlun vegna sýningarinnar "Sumar 2006":

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna sýningarinnar "Sumar 2006" 20-23/4'06.

Lagt er til að erindinu verði vísað til næsta hreppsráðsfundar til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

15. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

15.1 Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi 14/2'06 - ráðstefna um Staðardagskrá 21, 3-4/3'06.

Til kynningar.

16. Annað efni til kynningar:

16.1 Fundargerð 60. fundar hreppsnefndar Ásahrepps 21/2'06.

16.2 "Suðurland er kjörinn staður fyrir stóriðju" - kynning á skýrslu stóriðjunefndar SASS 22/2'06.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Sigurbjarnur Pálsson
Katrín Ólafsdóttir
Yrnbella Svannadóttir
Vida Slen
Anastasiya Jónsdóttir
Hljómskipti
Sigrún Ólafsdóttir
Eiríkur Gunnarsson
Sigrún Sveinbjarnardóttir

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

62. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 15. febrúar 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð. Þórhallur Jón Svavarsson sat fundinn að hluta sem varamaður Sigurbjarts Pálssonar sem vék af fundi við afgreiðslu 7. liðar og síðan sem varamaður Engilberts Olgeirssonar sem vék af fundi kl. 19.00.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætist nýr liður nr. 2.6.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 83. fundar hreppsráðs 9/2 2006 í 14 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Héraðsnefnd Rangæinga - 16. fundur 2/2 2006 í 8 liðum.

Héraðsnefnd gerir tillögu um aukið framlag til Héraðsnefndar á árinu 2006 vegna styrkveitingar skv. 2. lið fundargerðarinnar.

Tilmæli um aukið framlag vegna styrkveitingar sbr. 2. lið fundargerðarinnar samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS. ÞS. HH.) Fjárveitingu vegna þessarar samþykktar er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

Undirritaður fulltrúar K- og Ó-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaðir sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ástæðan er ekki sú að hugmyndin sem slík sé ekki góðra gjalda verð. Við teljum að Héraðsnefnd Rangæinga sé að marka nýja stefnu í styrkveitingum til einstakra aðila hvað upphæð varðar. Við bendum á fordæmisgildi þeirrar ákvörðunar að styrkja einstaka aðila um 10 milljónir króna og spyrjum hvort okkar skulduga sveitarfélag muni rísa undir því fordæmi. Við hefðum viljað styrkja þetta ágæta verkefni með lægri upphæð og hefðum talið það ábirgari afstöðu gagnvart sveitarsjóði Rangárþings ytra. Heimir Hafsteinsson. Þröstur Sigurðsson. Viðar Steinarsson."

Lúðvík Bergmann tekur ekki þátt í afgreiðslu á á lið 3 í fundargerðinni.

3. liður fundargerðarinnar samþykktur með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS. ÞS. HH.)

1., 2., 4., 5., 6., 7., og 8. liður fundargerðarinnar samþykktir með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS. ÞS. HH.)

2.2 Atvinnu- og ferðamálanefnd - 27. fundur 23/1 2006 í 4 liðum.

Samþykkt að fresta afgreiðslu á lið 1 í fundargerðinni með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (IPG. HH.).

2.3 Skipulags- og bygginganefnd - 38. fundur 9/2 2006 í liðunum 001-2006 til 017-2006.

Samþykkt samhljóða.

2.4 Íþrótt- og æskulýðsnefnd - 32. fundur 9/2 2006 í 3 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2.5 Atvinnu- og ferðamálanefnd - 28. fundur 9/2 2006 í 3 liðum.

Í fundargerðinni er tillaga frá atvinnu- og ferðamálanefnd um þátttöku í sýningunni "Sumar 2006" í Laugadalshöll dagana 20. - 23. apríl 2006.

Samþykkt að taka þátt í sýningunni með fyrirvara um kostnaðaráætlun og að leitað verði samstarfs við sveitarfélögin sem standa að atvinnu- og ferðamála verkefninu með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (ÞS. HH.)

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

2.6 Fjallskiladeild Rangárvallafréttar - 3. fundur 13/3 2006.

Tillaga að "Landbóta- og landnýtingaráætlun" fyrir Rangárvallafrétt 2006 - 2008 til staðfestingar.

Fundargerðin og tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:

3.1 Stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. 9/2 2006 - 15. fundur í 1 lið.

3.2 Stjórn SASS - 392. fundur 2/2 2006 í 13 liðum.

3.3 Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 83. fundur 7/2 2006 í 8 liðum.

4. Tillaga að 3ja ára áætlun 2007-2009 - síðari umræða:

Lögð fram tillaga að 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2007-2009 til síðari umræðu. Vísað er til fundargagna um efni tillögunnar.

Staðfest með 5 atkvæðum, 4 sitja hjá (LB. VHS. ÞS. HH.).

Fulltrúar K- og Ó-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar Rangárþings ytra leggur nú fram þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2007 - 2009. Áætlun sem byggir á hinum ýmsu forsendum sem háðar er dulþungum framtíðar. Það er ljóst að miklar og nauðsynlegar framkvæmdir eru framundan á næstu misserum og hafa þær mikil áhrif á framgang áætlanagerðar sem þessarar.

Síðan er það auðvitað annað mál að þessari áætlanagerð koma framleggjendur ekki til með að framfylgja, því ekki eru meira en riflega þrjú mánuðir í að meirihlutinn skili inn stjórnarumboði sínu í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

Heimir Hafsteinsson. Viðar Steinarsson. Þróstur Sigurðsson.

5. Fundargerð og tillögur frá fundi samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps 6/2 2006:

5.1 Samráðsnefnd sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 15. fundur 6/2 2006 í 4 liðum.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (ÞS. HH.).

8. Golfklúbbur Hellu - beiðni um vinnuframlag vinnuskóla Rangárþings ytra:

Lagt fram bréf frá Golfklúbbi Hellu, dagsett 8/2 2006, með beiðni um vinnuframlag frá vinnuskóla Rangárþings ytra sumarið 2006.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Umhverfissviðs Rangárþings ytra til athugunar og tillögugerðar.

9. Tillaga og fyrirspurnir frá fulltrúum K- og Ó-lista:

9.1 Fulltrúar K- og Ó- lista 9/2 2006 - leggja til að sveitarstjóri sendi formlega beiðni um að fundargerðir stjórnar Atvinnu- og ferðamála-verkefnis berist sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

9.2 Fulltrúar K- og Ó- lista 9/2 2006 - fyrirspurn um störf vinnuhóps um uppbyggingu Grunnskólans og leikskólans á Hellu og um málefni mótörhjólasports.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu um mótörhjólasportið til íþrótt- og æskulýðsnefndar.

Oddviti fór yfir stöðu mála varðandi verkefni vinnuhóps um úrbætur í húsnæðismálum grunnskóla og leikskóla á Hellu.

10. Málflutningsskrifstofan ehf. - flokkun Þrúðvangs:

Lagt fram bréf frá Málflutningsskrifstofunni ehf., dagsett 1/2 2006, varðandi úrskurð samgönguráðuneytisins vegna stjórnarsýslukæru um stöðu og flokkun götunnar Þrúðvangs. Fram kemur að kröfu sveitarfélagsins um flokkun Þrúðvangs sem tengivegs er hafnað. Meðfylgjandi er úrskurðurinn, dagsettur 27/1 2006.

Samþykkt samhljóða að senda bréf til samgönguráðherra og þingmanna suðurkjördæmis með tilmælum um að Þrúðvangur á Hellu verði tekinn inn í þjóðvegakerfið.

11. Nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu - beiðni um umsögn:

Lagt fram bréf frá nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu, dagsett 3/2 2006, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Meðfylgjandi eru drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.

Sveitarstjóra falið að taka saman athugasemdir í takt við umræðu á fundinum og jafnframt að senda SASS og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tilmæli um að hagsmuna sveitarfélaga í þessu máli verði vandlega gætt.

12. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

12.1 Reykjavíkurborg 2/2'06 - kynning á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga 17-18/2 2006.

12.2 Samband íslenskra sveitarfélaga 2/2 2006 - ráðstefna um tækifæri sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi 23/2 2006.

12.3 Samband íslenskra sveitarfélaga 6/2 2006 - málstofa um skólamál 6/3 2006.

13. Annað efni til kynningar:

- 13.1 Yfirfasteignamatsnefnd 1/2 2006 - um erindi sóknarprests vegna fasteignamats Odda.
- 13.2 Eyjólfur Guðmundsson 8/2 2006 - afrit af bréfi frá Veðurstofustjóra um veðurathugunarstöð á Hellu.
- 13.3 Atvinnu- og ferðamálafultrúi 31/1 2006 - afrit af uppsagnarbréfi.
- 13.4 Landskerfi bókasafna 6/2 2006 - hluthafalisti.
- 13.5 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2/2 2006 - um aðalskoðun og endurgerð leiksvæða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

Sigrún Pálma
Sigrún Ólafsdóttir
Frósthildur
Vítor Steinarr
Lúfrik Bergman
Ingvar P. Arnþórsson
Yrnhalla Svavarna
Fróþýr Gunnarsd.
Eiríkur Gunnlaugsson

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

61. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 1. febrúar 2006, kl. 16.00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Heiðrún Ólafsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Lögð fram tillaga að breytingu á dagskrá; við bætast nýir liðir nr. 3.2, 3.3, 7, 9, 11, 12, 14.2, 14.3, 14.4, 14.5, 14.6 og 15.3 og færast aðrir liðir aftur sem þessu nemur.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 82. fundar hreppsráðs 26/1 '06 í 18 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Vinnuhópur um húsnæði fyrir stjórnsýslu, fundur 24/1 2006 í 3 liðum.

Farið er fram á að vinnuhópurinn fái heimild sveitarstjórnar til þess að fara í viðræður um mögulegar lausnir í húsnæðismálum stjórnsýslunnar samkvæmt fyrirbyggjandi hugmyndum frá Arkform teiknistofu og undanfarandi viðræðna við forsvarsmenn Verkalýðshússins. Sömuleiðis er farið fram á heimild til þess að auglýsa húsnæði fyrrum Þykkvabæjarskóla til sölu eða leigu.

Samþykkt með átta atkvæðum, einn situr hjá (HH).

2.2 Atvinnu- og ferðamálanefnd, 27. fundur 23/1 '06 í 4 liðum.

Afgreiðslu frestað.

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:

3.1 Umhverfisnefnd, 32. fundur 25/1 '06 í 4 liðum.

3.2 Stjórn Húsakynna bs. fundur 26. janúar 2006 í 5 liðum.

3.3 Stjórn skólaskrifstofu Suðurlands, 84. fundur 25/1 2006 í 4 liðum.

4. Tillaga að 3ja ára áætlun 2007-2009, fyrri umræða:

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti tillögu að 3ja ára áætlun fyrir tímabilið 2007 - 2009 ásamt greinargerð.

Vísað til síðari umræðu.



5. Tillaga að stofnsamningi og samþykktum fyrir Vatnsveitu Rangárbings ytra og

Ásahrepps:

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti tillögur að stofnsamningi og samþykktum fyrir væntanlegt byggðasamlag um vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Vísað til nánari útfærslu á næsta fundi samráðsnefndar sveitarstjórna Rangárbings ytra og Ásahrepps í samræmi við umræður á fundinum sem síðan verður lögð fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar.

6. Tillaga frá fulltrúum K- og Ó-lista 26/1 2006:

Fulltrúar K- og Ó-lista leggja fram tillögu um að álagningarprósentum fasteignaskatts verði breytt þannig að þær lækki til samræmis við mun á verðlagsbreytingum á milli árunna 2004 og 2005 og þeirri hækkun á fasteignamati sem Yfirfasteignamatsnefnd ákvað umfram almennar verðlagsbreytingar. Með fylgir greinargerð.

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi tillögu og bókun:

Fulltrúar D-lista fallast á efni framangreindrar tillögu enda er hún í samræmi við niðurstöðu listans varðandi álagningarprósentur fasteignagjalda. Í tillögunni er ekki nánar útfært hvaða álagningarprósentur eiga að koma í stað þeirra sem ákveðnar voru 7. desember 2005 og einnig vantar í tillögunu að kveðið sé á um að álagningarprósentur þjónustugjalda, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, lækki einnig. Því er lagt til að framangreind tillaga verði samþykkt en að nánari útfærslu hennar verði vísað til afgreiðslu á 7. lið fundarins um álagningarprósentur fasteignagjalda.

Stígurbjartur Pálsson. Engilbert Ólgeirsson. Sigrún Ólafsdóttir. Heiðrún Ólafsdóttir. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Tillaga frá sveitarstjóra að nýjum álagningarprósentum fasteignagjalda, sbr. 6. lið:

Sveitarstjóri lagði fram endurnýjaða tillögu um álagningarprósentur fasteignagjalda sbr. tillögu og bókun í 6. lið fundargerðarinnar:

Lagt er til að álagningarprósentur eftirtalinna fasteignagjalda breytist frá ákvörðun sveitarstjórnar frá 7. desember 2005 og verði eftirfarandi:

Fasteignaskattur:

A - 0,3% af fasteignamati.

B - 1,2% af fasteignamati.

C - 0,44% af fasteignamati.

Um skilgreiningar á tegundum fasteigna í hverjum flokki er vísað í tillögunu og reglugerð nr. 401/2005.

Lóðarleiga:

0,85% af fasteignamati.

Vatnsgjald:

0,22% af fasteignamati.

Holræsagjald:

0,22% af fasteignamati.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS, HH, ÞS).



Bókun fulltrúa K- og Ó-lista vegna afgreiðslu á tillögu um breytingu á álagningarprósentum fasteignaskatts og fasteignagjalda fyrir árið 2006:

Undirritaðir fagna tillögu sveitarstjóra sem tekur tillit til efnis tillögu okkar sem borin var upp undir lið. nr. 6 hér að framan.

Samþykkt á álagningarprósentum er hins vegar á valdi og ábyrgð meirihluta sveitarstjórnar. Við sitjum því hjá við afgreiðslu málsins.

Viðar Steinarsson. Próstur Sigurðsson. Heimir Hafsteinsson.

8. Tillaga um skipulag Umhverfissviðs:

Tillaga, dagsett 23. janúar 2006, frá sviðsstjóra umhverfissviðs um skipulag umhverfissviðsins, starfsheiti starfsmanna, starfslýsingar og tillaga um launakjör.

Samþykkt samhljóða að vinnuhópur sem fjallar um launakjör starfsmanna sveitarfélagsins haldi áfram að móta tillöguna um skipulag Umhverfissviðs með sviðsstjóra þess.

9. Launanefnd sveitarfélaga 28/1 2006:

Lagðar fram niðurstöður Launanefndar sveitarfélaga um hækkun á launum leikskólakennara og á launum starfsmanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarfélaga. Sveitarfélögum sem veitt hafa LN umboð til kjarasamningagerðar er veitt heimild til þess að hækka starfsfólk í launum með því að flýta launaflokkahækkunum ásamt mánaðarlegum eingreiðslum auk beinna tilfærslna upp um launaflokka.

a) Heimild til hækkunar launa leikskólakennara:
Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sitja hjá (ÞS, HH).

Bókun varðandi lið 9 a.

Undirritaðir sitja hjá við afgreiðslu þessa máls og telja að verið sé að varpa sprengju inn í kjaramál sveitarfélaga almennt með ófyrirséðum afleiðingum. Undirritaðir áréttu enn einu sinni þá skoðun sína að Rangárþing ytra segi sig nú þegar úr launanefnd sveitarfélaga.

Heimir Hafsteinsson og Próstur Sigurðsson.

b) Heimild til hækkunar á launum starfsmanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningi LN og viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (VHS, ÞS, HH).

Bókun varðandi lið 9b.

Undirritaðir taka fram að hjáseta þeirra í þessu máli er ekki tilkomin vegna þess að þeir séu á móti því að hækka laun starfsmanna sveitarfélagsins. Það eru hinsvegar vinnubrögð launanefndar sveitarfélaga varðandi framsetningu þessa máls ásamt því að ekki liggur fyrir kostnaðarmál vegna þessara tillagna sem gera það að verkum að við kjósum að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Heimir Hafsteinsson, Próstur Sigurðsson og Viðar H. Steinarsson.

10. KPMG 20/1 2006:

Lögð fram niðurstaða KPMG vegna úttektar á kostnaði við rekstur mötuneyta í Rangárþingi ytra.

Til kynningar.

11. Skipulags- og byggingafulltrúi 27/1 2006:

Lögð fram tilmæli um afgreiðslu á tillögu að deiliskipulagi fyrir 79 frístundalóðir í landi Leirubakka. Fyrir liggur að tillaga að breytingu á aðalskipulagi hefur áður verið samþykkt af sveitarstjórninni og hefur tillagan hlotið staðfestingu umhverfisráðherra.



Fram kemur að engar athugasemdir hafi borist við deiliskipulagstillöguna á auglýsinga- og athugasemdatíma hennar.

Afgreiðslu framangreindrar deiliskipulagstillögu var frestað á fundi hreppsnefndar þ. 2. nóvember 2005 enda hafði tillaga um breytingu á aðalskipulagi ekki hlotið staðfestingu þá.

Deiliskipulagstillagan samþykkt samhljóða.

12. Landbúnaðarráðuneytið 27/1 2006.

Lögð fram beiðni frá landbúnaðarráðuneytinu um umsögn vegna fyrirhugaðrar sölu á jörðinni Kirkjubær á Rangárvöllum til Ágústs Sigurðarsonar og Guðjóns Sigurðarsonar.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara beiðninni eftir að umsögn frá skipulags- og byggingafulltrúa liggur fyrir.

13. Óðinn Pálsson - beiðni um umsögn vegna skiptingar á spildum úr landi Stóru-Valla.

Lagt fram erindi frá Óðni Pálssyni, dagsett 25. janúar 2006, með beiðni um umsögn vegna skiptingar á spildum úr landi Stóru-Valla og að þær verði teknar úr landbúnaðarnotum samkvæmt framlögðum stofnskjölum og loftmyndum.

Spildurnar hafa eftirfarandi landnúmer: 205460, 205461 og 205462.

Ekki er gerð athugasemd við fyrirhugaða landskiptingu og að viðkomandi spildur verði teknar úr landbúnaðarnotum.

14. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 14.1 Samband íslenskra sveitarfélaga 26/1 2006 - boð um þátttöku í málstofu með rannsakendum skólamála 6/3 2006.
- 14.2 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 30/1 2006 - kynningarfundur um lagningu heilsársvegar yfir Kjöl 2/2 2006.
- 14.3 Starfsmenntaráð 30/1 2006 - fundarboð, m.a. um hlutverk Starfsmenntaráðs 3/2 2006.
- 14.4 Samband íslenskra sveitarfélaga 26/1 2006 - samráðssfundur með Landssambandi sumarhúsaeigenda 10/2 2006.
- 14.5 Húsakynni bs. 27/1 2006 - aðalfundarboð 15/2 2006.

Samþykkt samhljóða að oddviti fari með atkvæðarétt á aðalfundi Húsakynna.

- 14.6 Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 31/1 2006, málþing í tengslum við Norðurslóðaáætlun ES 3/2 2006.

15. Annað efni til kynningar:

- 15.1 Strókur 23/1 2006 - þakkir fyrir veittan styrk.
- 15.2 Launamálaráðstefna sveitarfélaga 20/1 2006 - valkostir 1-9.
- 15.3 Hekluasetrið ehf. 30/1 2006 - kynning á aðilabreytingu að Hekluasetrinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.15.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

60. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 18. janúar 2006, kl. 16:00.

Mætt: Sigurbjartur Pálsson, oddviti, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Viðar H. Steinarsson, Þröstur Sigurðsson, Heimir Hafsteinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Lúðvík Bergmann, Engilbert Olgeirsson, Sigrún Ólafsdóttir og Sigrún Sveinbjarnardóttir, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnáði honum.

1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 Lögð fram fundargerð 81. fundar hreppsráðs 29/12'05 í 15 liðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 Stjórn Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps - 20. fundur 5/1'06 í 7 liðum.

Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 situr hjá (HH).

2.1.1 Tillaga að fjárhagsáætlun Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2006.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VHS, ÞS).

Tillaga 18. janúar 2006 v. fundargerðar 20. fundar stjórnar Eignaumsjónar.

Fjárhagsáætlun Eignaumsjónar vegna 2006 liggur hér fyrir. Hlutdeild Laugalandssvæðisins er stór í þessari áætlun vegna breytinga húsnæðis Laugalandsskóla og flutnings leikskólans. Af 50 millj. kr. fjárfestingafé ársins er áætlað að 40% fari til framkvæmda á Laugalandi.

Það vekur einnig mikla athygli að gert er ráð fyrir að fara út í gatnaframkvæmdir á Laugalandssvæðinu samhliða breytingu á skólahúsnæðinu. Gert er ráð fyrir að Rangárþing ytra leggi fram rúmar 6 milljónir til þessara gatnaframkvæmda á þessu ári.

Undirritaðir telja að rétt sé að gatnaframkvæmdum á Laugalandi verði frestað og að þeim fjármunum verði í þess stað varið í nauðsynlegt viðhald á skólamannvirkjum sveitarfélagsins í Þykkvabæ og á Hellu.

Undirritaðir : Heimir Hafsteinsson, Viðar Steinarsson, Þröstur Sigurðsson.

Tillaga um að stjórn Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps verði falið að skoða sérstaklega viðhaldsþörf húsnæðis fyrrum Þykkvabæjarskóla, frágang aðkomu að íþróttahúsi í Þykkvabæ og brýn viðhaldsverkefni í Grunnskólanum á Hellu, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 18. janúar 2006:

Lagt er til að stjórn Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps verði falið að kanna frekar viðhaldsþörf húsnæðis fyrrum Þykkvabæjarskóla, frágang aðkomu að íþróttahúsinu í Þykkvabæ og viðhaldsverkefni í Grunnskólanum á Hellu. Skoðað verði hvort aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera rúmast innan núverandi fjárheimilda Eignaumsjónar eða að gerð verði tillaga um aukafjárveitingu til þess að framkvæma megi þau verkefni.

Lagt er til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun Eignaumsjónar verði samþykkt með vísan til ofangreindrar frekari skoðunar á viðhaldsverkefnum og lóðaframkvæmdum.

Undirritaðir: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Engilbert Olreisson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigrún Ólafsdóttir.

Bókun:

Í ljósi framkominnar tillögu meirihlutans draga undirritaðir tillögu sína til baka og fagna því að meirihlutinn skuli taka ábendingar og tillögur okkar um nauðsynlegar framkvæmdir til greina.
Undirritaðir: Heimir Hafsteinsson, Þröstur Sigurðsson, Viðar Steinarsson.

Tillaga meirihluta hreppsnefndar samþykkt samhljóða.

2.1.2 Lögð fram skýrsla starfsmanns Eignaumsjónar Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2005.

Til kynningar.

2.2 Félagsmálanefnd - 48. fundur 12/1'06 í 2 liðum.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 3 sitja hjá (HH, VHS, ÞS).

3. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna til kynningar:

3.1 Sameiginleg barnaverndarnefnd - 46. fundur 10/1'06 í 3 liðum.

3.2 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 730. fundur 12/12'05 í 23 liðum.

3.3 SASS - 2. fundur starfshóps vegna endurskoðunar, 3/1'06 í 1 lið.

3.4 Stjórn SASS - 391. fundur 5/1'06 í 7 liðum.

4. Staðfesting hlutfallslegrar skiptingar veiðihlunninda í Ytri-Rangá á milli eftirtalinna jarða:

4.1 Leirubakkatorfa 1892 ha. - framlagður uppdráttur til undirritunar með upplýsingum um hlutfallslega skiptingu eignarhalds:

- a) **Leirubakki 886 ha. 46,8% af heild**, eigendur; Anders Hansen 25%, Valgerður Brynjólfsdóttir 25% og Embla ehf. 50%.
- b) **Réttarnes 472 ha. 25% af heild**, eigendur; Rangárþing ytra 75% og Ásahreppur 25%.
- c) **Vatnagarður 534 ha. 28,2% af heild**, eigendur; Brynhildur Ó. Gísladóttir 33%, Eygló Þórðardóttir 33% og Laufey Ófeigsdóttir 33%.

Skipting Leirubakkatorfunnar á milli jarðanna er samþykkt samhljóða en innbyrðis skipting jarðarinnar Réttarnesi er ekki rétt skráð á uppdráttinn og þ.a.l. er ekki á þessu stigi unnt að undirrita hann.

Skipting eignarhluta í Réttarnesi er þannig samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum að hlutur Rangárþings ytra er 94.32% og hlutur Ásahrepps er 5,68%.

Rangárþing ytra fer fram á að uppdráttur og önnur viðeigandi gögn verði leiðrétt til samræmis við ofanskráð áður en til undirritunar kemur.

4.2 Gaddstaðir 705 ha. - framlagður uppdráttur til undirritunar með upplýsingum um hlutfallslega skiptingu eignarhalds:

- a) **Gaddstaðir 571 ha. 81% af heild** eigandi Rangárþing ytra.
- b) **Gaddstaðir 134 ha. 19% af heild** eigandi Guðrún Pálsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

4.3 Helluvað og Nes 850 ha. samtals - framlagður uppdráttur til undirritunar með upplýsingum um hlutfallslega skiptingu eignarhalds:



- a) Nes 54 ha. 6% af upphaflegri heild, eigandi Rangárþing ytra.
b) Helluvað 796 ha. 94% af upphaflegri heild: Helluvað I 90ha. 11.3%, eigandi Helga J. Thorarensen, Helluvað II og III 706 ha. (88.7% skiptist ekki milli jarða eftir flatamáli), Helluvað II; 1/4 af 88.7% = 22.2%, eigandi Guðmundur Magnússon, Helluvað III; 3/4 af 88.7% = 66.5% eigandi Ari Árnason.

Samþykkt samhljóða.

5. Tillaga að skiptingu arðs vegna veiðiréttinda í Ytri-Rangá:

Lögð fram tillaga að skiptingu arðs vegna veiðihlunninda í Ytri-Rangá fyrir árið 2004 milli eigenda jarðanna Leirubakka, Vatnagarða, Réttarness, Helluvaðs I-III, Ness og Gaddstaða.

Visað er til fundargagna varðandi upplýsingar um heildararð einstakra jarða og tillögu um skiptingu hans milli eignaraðila.

Skipting arðs vegna jarðanna Helluvaðs og Ness samþykkt samhljóða.

Skipting arðs vegna jarðarinnar Gaddstaða samþykkt samhljóða.

Afgreiðslu á skiptingu arðs vegna Leirubakkatorfu er frestað með vísan til afgreiðslu á lið 4.1.

6. Frá Launanevnd sveitarfélaga og Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga:

6.1 Frá Launanevnd sveitarfélaga dagsett 3. janúar 2006; boðun launamálaráðstefnu 20/1 2006 ásamt upplýsingum um atkvæðisrétt o.fl.

Tilnefning fulltrúa: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri fari með atkvæðisrétt Rangárþings ytra á launamálaráðstefnunni.

Samþykkt samhljóða.

6.2 Svar frá Karli Björnssyni, sviðsstjóra Kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 29. desember 2005, við ósk sveitarstjórnar Rangárþings ytra um fund með fulltrúum Launanevndar sveitarfélaga. Fram kemur að óskað er eftir því að slíkur fundur verði ekki fyrir en eftir fyrirhugaða launamálaráðstefnu.

Til kynningar.

7. Íslandspóstur hf. - svar við tilboði um lóð á Hellu fyrir starfsemi fyrirtækisins:

Lagt fram svar frá Íslandspósti hf., dagsett 30/12'05, við tilboði um athafnalóð á Hellu fyrir starfsemi fyrirtækisins. Fram kemur að tilboðinu er hafnað og að fyrirtækið muni reisa nýja flokkunarstöð fyrir póst á Hvolsvelli.

Lögð fram tillaga frá sveitarstjóra að bréfi til Íslandspósts hf. með beiðni um viðræður um fyrirkomulag pósthjónustu í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða.

8. Frá atvinnu- og ferðamálafulltrúa:

8.1 22/12 2005 - uppgjör Töðugjalda 2004, meðfylgjandi eru skýringar og sundurliðanir frá atvinnu- og ferðamálafulltrúa.

Samþykkt samhljóða að oddvita sé falið að túlka afstöðu Rangárþings ytra gagnvart Atvinnu- og ferðamálaferkefninu á fyrirhuguðum fundi um framtíð verkefnisins sem haldinn verður þ. 31. janúar n.k.

Samþykkt samhljóða að oddvita og sveitarstjóra sé falið að vinna að frágangi ólokinnar uppgjörsmála vegna Töðugjalda 2004 í samvinnu við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings eystra.

Samþykkt samhljóða.

8.2 30/12 2005 - um þjónustu- og upplýsingakort Rangárþings og Mýrdals - endurprentun og útgáfa 2006.

Samþykkt samhljóða að taka þátt í endurprentun kortsins sem nemur hlut Rangárþings ytra.

8.3 30/12 2005 - um framboðna sjálfböðavinnu Veraldarvina 2006 og beiðni um svar við hvort sveitarstjórn Rangárþings ytra hafi hug á að nýta krafta þeirra á yfirstandandi ári.

Hafnað samhljóða.

8.4 30/12 2005 - hugmyndir um kynningarátak m.a. með þátttöku í sýningunni „Sumar 2006“. Markmið verði m.a. fjölgun íbúa og aukning ferðamannastraums innlendra ferðamanna.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar og tillögugerðar.

8.5 30/12 2005 - kynning á verkefnum í vinnslu.

Til kynningar.

9. Sævar Jónsson - fyrirspurn um áform um lagningu vatnsveitu:

Lögð fram fyrirspurn frá Sævari Jónssyni, dagsett 22/12 2005, varðandi áætlun um lagningu vatnsveitu við Árbæjarbraut.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til væntanlegs byggðasamlags um vatnsveitur til úrvinnslu.

10. Vinnumálastofnun - framlenging samnings:

Lagt fram bréf frá Vinnumálastofnun, dagsett 28/12 2005, þar sem fram koma tilmæli um stutta framlengingu samnings um skráningu atvinnuleysis. Framlengingin yrði til 1/7 2006 en þá er áformað að ný lög um atvinnuleysistryggingar taki gildi.

Samþykkt samhljóða.

11. Rangæingafélagið í Reykjavík - tilnefning fulltrúa í nefnd:

Lagt fram bréf frá Rangæingafélaginu í Reykjavík, dagsett 2/1 2006, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í nefnd um undirbúning að menningarvöku vorið 2006.

Samþykkt samhljóða að Ingvar Pétur Guðbjörnsson verði fulltrúi Rangárþings ytra.

12. Björn Halldórsson - beiðni um umsögn um stofnun lögbýlis á spildu úr landi Merkihvols:

Lögð fram beiðni frá Birni Halldórssyni, dagsett 9/1 '05, um umsögn vegna fyrirhugaðrar stofnunar lögbýlis í landi Merkihvols. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir legu landsins og afrit af umsókn til landbúnaðarráðuneytisins um heimild til stofnunar lögbýlis.

Samþykkt samhljóða að ekki sé gerð athugasemd við fyrirhugaða stofnun lögbýlis með fyrirvara um að heiti væntanlegs lögbýlis geti ekki orðið "Merkihvoll".

13. Landskipti:

13.1 Fannberg fasteignasala ehf. 30/12 2005 - beiðni um umsögn vegna skiptingar 2,82 ha. spildu úr landi Hallstúns samkvæmt framlögðu stofnskjali, uppdrætti og afsali.

Samþykkt samhljóða að ekki sé gerð athugasemd við fyrirhugaða landskiptingu.

13.2 Fannberg fasteignasala ehf. 30/12 2005 - beiðni um umsögn vegna skiptingar 46,9 ha. spildu úr landi Hallstúns samkvæmt framlögðu stofnskjali, uppdrætti og afsali.

Samþykkt samhljóða að ekki sé gerð athugasemd við fyrirhugaða landskiptingu.

14. Brynjar Vilmundarson - fyrirspurn:

Lagt fram bréf frá Brynjari Vilmundarsyni, móttakið 3/1 2006, með fyrirspurn vegna áforma um byggingar í búðarhúsa eða fristundahúsa á landi sunnan við Syðri-Rauðalæk.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar til umsagnar og tillögugerðar.

15. Umhverfisráðuneytið:

Lagt fram afrit af bréfi umhverfisráðuneytisins, dagsett 29/12 2005, til Samvinnunefndar um miðhálandið vegna staðfestingar á tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 fyrir svæðið sunnan Hofsjökuls. Meðfylgjandi er greinargerð með breytingum á staðfestu Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, svæðið sunnan Hofsjökuls.

Til kynningar.

16. Landsvirkjun, 31/12 2005:

Lögð fram kynning á umsókn um rannsóknarleyfi á Torfajökulssvæðinu og tilmæli um samstarf um skipulagsmál og landnýtingaráætlun fyrir svæðið. Meðfylgjandi er greinargerð með umsókninni. Fram kemur að Landsvirkjun óskar eftir því að fá tækifæri til þess að kynna áform sín nánar fyrir sveitarstjórninni.

Samþykkt samhljóða að bjóða Landsvirkjun að koma til fundar við sveitarstjórnina við tækifæri og kynna áform sín. Landsvirkjun er bent á að hafa samband við sveitarstjóra um mögulegan fundartíma.

17. Fundarboð, námskeið, ráðstefnur, þjónusta og umsóknir um styrki:

17.1 „Staðardagskrá 21” 11/1 2006 - landsráðstefna um "Staðardagskrá 21" - 4/3 2006.

Til kynningar.

17.2 Jafnréttisstofa 11/1 2006 - lokaráðstefna um íþróttir, fjölmiðla og staðalímyndir 20/1 2006.

Til kynningar.

18. Annað efni til kynningar:

- 18.1 Vegagerðin 5/1 2006 - um lýsingu við Landvegamót.
- 18.2 Vegagerðin 10/1 2006 - varðandi umsókn um styrk af styrkvegafé 2006.
- 18.3 Sjóvá 15/12 2006 - varðar ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunartjóna.
- 18.4 Sorpstöð Suðurlands bs. 12/1 2006 - um sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.
- 18.5 Samflot 10/1 2006 - ályktun formannafundar Samflots bæjarstarfsmannafélaga.
- 18.6 RARIK 28/12 2005 - um breytigar á orkusölu.
- 18.7 Varasjóður húsnæðismála 4/1 2006 - um breytingu á lögum og reglugerð um Varasjóð húsnæðismála.
- 18.8 Félagsmálaráðuneytið 5/1 2006 - uppreikningur á tekju- og eignamörkum vegna félagslegra íbúða.
- 18.9 Félagsmálaráðuneytið 6/1 2006 - varðar heimildir byggingafulltrúa til þess að staðfesta eignaskiptayfirlýsingar fjöleignahúsa.
- 18.10 Landsnet 4/1 2006 - kynning á fyrirtækinu og upplýsingabæklingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

Hinn Hattstærsson
Þóstorur Björnsdóttir
Viðar Sleimason
Ladriks Bergmann
Ingvarr Andri Gunnarsson
Sigrún Björnsdóttir
Ólafur Ólafsson
Sigrún Ólafsdóttir
Einar Ólafsson
Sigrún Sveinbjarnardóttir